

R/þ.Ú. 17.11.1995

Ætlar að fara að lögum

Af gefnu tilefni vill þingflokkur Samtaka um kvinnalísta taka fram eftirfarandi:

Það hefur frá upphafi verið stefna Kvinnalístandans að gefa sem flestum varaþingkonum sínum tækifæri til að láta til sín taka í sölum Alþingis. Í 12 ára þingsögu Kvinnalístandans hefur raunin þó orðið sú að við höfum kallað varamenn inn í hlutfallslega færri tilvikum en nokkur annar þingflokkur. Sú samþykkt sem gerð var á nýafstöðnum landsfundi er einungis staðfesting á löngu mótaðri stefnu, enda segir þar að stefnt skuli að því að

kalla inn varamenn eftir því sem kostur gefst.

Þingmenn eiga rétt á að kalla inn varamenn vegna veikinda eða fjarvista í opinberum erindum. Þingmaður hefur einnig rétt á að kalla inn varamann ef hann er fjarverandi í einkaerindum, en þá þiggur hann ekki laun fyrir þann tíma sem varaþingmaður hans situr á þingi.

Í þingsköpum Alþingis segir í 53. grein: „Þingmaður nýtur ekki þingfararkaups meðan varamaður hans situr á þingi nema fjarvist sé vegna

veikinda eða þingmaður sé fjarverandi í opinberum erindum.“

Þau tilvik koma upp þar sem þingmenn þurfa eða kjósa að taka sér leyfi frá þingstörfum til að sinna öðrum störfum, t.d. í þágu síns flokks. Þá afsalar þingmaður sér launum til varamanns.

Kvinnalístinn hefur ætíð farið að lögum og mun að sjálfsögðu gera það áfram.

Reykjavík, 15. nóvember 1995